

Fundargerð 2001

Sjóðfélagafundur 5. apríl 2001

Fundargerð Sjóðsfélagafundar Lífeyrissjóðs bankamanna sem var haldinn fimmtudaginn 5. apríl síðastliðinn.

Fundargerð

Sjóðfélagafundur Lífeyrissjóðs bankamanna
haldinn fimmtudaginn 5. apríl 2001 á Hótel Loftleiðum

DAGSKRÁ:

- a) Skýrsla stjórnar
- b) Kynning og afgreiðsla ársreikninga sjóðsins.
- c) Tryggingafræðileg úttekt á stöðu sjóðsins.
- d) Fyrirliggjandi tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins sbr. ákvæði 7. gr.
- e) Kosning skoðunarmanna reikninga sjóðsins.
- f) Laun stjórnar- og skoðunarmanna.

GÖGN SEM LÁGU FRAMMI Á FUNDINUM:

- 1) Ársreikningur og ársskýrsla stjórnar fyrir árið 2000.
- 2) Tryggingafræðileg úttekt Bjarna Guðmundssonar, cand.act.
- 3) Tillögur um breytingar á samþykktum Lífeyrissjóðs bankamanna.
- 4) Samþykktir Lífeyrissjóðs bankamanna.

Haukur Þór Haraldsson, formaður stjórnar sjóðsins, setti fundinn.

Jakob R. Möller, lögmaður sjóðsins, var kosinn fundarstjóri.

Guðrún Anna Antonsdóttir, sjóðfélagi, var kosin fundarritari.

Fundarstjóri gerði grein fyrir því, að hann hefði kynnt sér boðun fundarins og lýsti henni og væri hún í samræmi við samþykktir sjóðsins og væri því fundurinn löglegur.

1) SKÝRSLA STJÓRNAR OG UMFJÖLLUN UM FJÁRFESTINGARSTEFNU SJÓÐSINS

Framsaga. Haukur Þór Haraldsson, formaður stjórnar.

Stjórn sjóðsins var þannig skipuð á árinu 2000: Arnór Sighvatsson, Friðbert Traustason og Haukur Þór Haraldsson voru kosnir sem fulltrúar sjóðfélaga, Helgi S. Guðmundsson var tilnefndur af bankaráði Landsbanka Íslands hf., Yngvi Örn Kristinsson var tilnefndur af bankaráði Seðlabanka Íslands og Helgi Steingrímsson var tilnefndur af aðildarfyrirtækjum sjóðsins. Síðan varð sú breyting að er Yngvi Örn lét af störfum tók Ingimundur Friðriksson við sem varamaður og síðan var Ingvar Sigfússon tilnefndur sem nýr fulltrúi bankaráðs Seðlabanka Íslands. Einnig varð sú breyting að Helgi Steingrímsson lét af stjórnarstörfum og tók þá Haukur Helgason sæti sem fulltrúi aðildarfyrirtækja.

Á starfsárinu voru haldnir 10 stjórnarfundir, 135 dagskrármál voru tekin fyrir og gengið var frá 164 lánveitingum. Tímafrek mál á árinu voru umfjöllun um fjárvörslusamninga og stefnuna varðandi fjárfestingamálin og dómsmál sem voru háð á hendur sjóðnum. Tvö ný aðildarfyrirtæki voru samþykkt inn í sjóðinn, þ.e. Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður Hólahrepps. Einnig var verulegum tíma varið í að vinna úr og undirbúa breytingar á samþykktum sjóðsins og tengist það m.a. niðurstöðu í þeim dómsmálum sem féllu á starfsárinu.

Í stigadeild sjóðsins fjölgaði um 324 virka sjóðfélaga og 2 fyrirtæki. Inngreiðslur voru rúmlega 300 milljónir króna umfram greiddan lífeyri. Í hlutfallsdeild fækkaði um 70 virka sjóðsfélaga og 1 fyrirtæki. Greiddur lífeyrir var tæplega 100 milljónir króna umfram inngreiðslur.

Starfsmenn sjóðsins eru 2, Sigtryggur Jónsson og Svana M. Símonardóttir. Aðkoma formanns og varaformanns stjórnar að rekstrarþáttum er mjög virk. Frekar hefur verið kosið að kaupa að sérfræðipjónustu heldur en að fjölga starfsmönnum sjóðsins, enda er rekstrarkostnaður einn sá lægsti hjá lífeyrissjóðum.

Á sínum tíma voru gerðir samningar við Búnaðarbankann Verðbréf og Landsbréf um að stýra 2 eignasöfnum fyrir sjóðinn. Ávöxtun á síðasta ári var neikvæð um 2,65%. Varðandi samanburð við aðra sjóði verður að hafa í huga að 85% af eignum sjóðsins fylgja markaðsbreytingum og að um 75% af eignum eru í skuldabréfum. Það liggur fyrir, og hefur verið fjallað um það í stjórninni, að á komandi starfsári þurfi að fjalla um fjárfestingastefnuna og huga hugsanlega að aðgreindum fjárfestingastefnum fyrir deildir sjóðsins. Það skýrist m.a. af því að meðalaldur sjóðfélaga í deildunum er mjög ólíkur.

Fjárfestingarstefna sjóðsins. Formleg mörk sem stjórn sjóðsins hefur sett fjárvörsluaðilum varðandi fjárfestingar eru: Skuldabréf ISK, ríkisábyrgð, hámark 100%. Skuldabréf ISK, ábyrgð lánastofnana, hámark 20%. Skuldabréf ISK, ábyrgð sveitafélaga, hámark 20%. Skuldabréf ISK, önnur, hámark 15%. Skuldabréf í erl.gjaldmiðlum, hámark 15%. Hlutabréf innlend, hámark 20%. Hlutabréf erlend, hámark 15%. Í viðmiði sem notað er þegar borinn er saman árangur fjárvörslunnar við ákveðið safn sem stjórn sjóðsins setti upp vega innlend skuldabréf 65%, skuldabréf í erl. gjaldmiðlum 5%, hlutabréf innlend 15% og hlutabréf erlend 15%. Í ljósi markaðsaðstæðna er óvenjumikið fé á innlánsreikningum í bönkum, eða 5,29%. U.þ.b. 85% af heildareignum sjóðsins eru inni í fjárvörslusamningunum. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt, sem sérstaklega verður fjallað um á eftir, eiga báðar deildir fyrir heildarskuldbindingum sínum.

Dómur hæstaréttar féll í þeim tveim dómsmálum sem voru háð á hendur sjóðnum og hæstiréttur staðfesti dóm héraðsdóms um að eftirlaunahlutfall þeirra er eiga geymd réttindi skal vera samkvæmt núgildandi samþykktum sjóðsins en ekki samkvæmt þeim samþykktum sem í gildi voru er þeir létu af störfum. Þetta

felur í sér verulega aukningu á réttindum þeirra sem áttu geymdan rétt 01.01.1998. Einnig er í dómunum fjallað um bakábyrgð aðildarfyrirtækja vegna þessara réttinda, þó að aðildarfyrirtækin hafi ekki átt beina aðild að dómunum, og því þarf stjórn sjóðsins að taka upp viðræður vegna þessa við aðildarfyrirtækin.

Lánareglum varðandi sjóðfélagalán var breytt á síðasta ári og þær aðlagðar því sem gildir hjá "samkeppnissjóðum". Búið er að auglýsa fyrirfram hvenær stjórnarfundir verða haldnir þetta ár, þannig að sjóðfélagar geta gengið að því vísu hvenær umsóknir verða teknar fyrir. Skila skal umsóknum viku fyrir stjórnarfund. Eftirspurn eftir lánum hefur aukist og stjórnin haft áhyggjur af því að verið sé að lána út á ákveðið hlutfall af fasteignaverði sem hafi mikið hækkað á árinu. Alltaf er litið til brunabótamats og aldrei lánað nema ákveðið hlutfall af brunabótamati, þannig að ef það mat er lægra en fasteignaverð eða kaupverð, er miðað við brunabótamatið. Gætt hefur verið mikillar varúðar í útlánamálum og sjóðurinn hefur ekki orðið fyrir útlánatöpum. Útlánasafnið er það gott að ekki er talin tapsáhætta í því.

Samþykktir sjóðsins. Síðar verður fjallað sérstaklega um tillögur um breytingar á þeim. En þær þarf að aðlagja að niðurstöðu dómsmálanna, einnig að huga að því að hagsmunir hlutfallsdeildar og stigadeildar fara ekki alltaf saman, sérstaklega þegar ný aðildarfyrirtæki vilja koma að sjóðnum. Eins er verið að gera tillögur um leiðréttingar til að mynda innra samræmi við aðra lífeyrissjóði.

Nýgerðir kjarasamningar gilda til 4ra ára. Þeir skapa ákveðinn stöðugleika fyrir hlutfallsdeildina. Sjóðurinn þarf að aðlagja sitt kerfi vegna þeirra nýmæla að sjóðfélögum býðst að fá laun sín greidd á 12 mánuðum í stað hefðbundinna 13 mánaða.

2) KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGA SJÓÐSINS

Framsaga. Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri sjóðsins.

Gerði grein fyrir helstu atriðum og tók út þau atriði sem þarfnast nánari skýringar.

Liðurinn önnur fjárfestingargjöld er 0 fyrir árið 2000 en 20 millj fyrir árið 1999. Þetta er þóknun til fjárvörsluaðila og er skýringin sú að þóknun er árangurstengd

Af 17,599 milljarða heildareign í lok ársins 2000 eru 14,906 milljarðar í fjárvörslu, þannig að það sem fjárvörsluaðilarnir hafa til ávöxtunar eru 84,7% af heildareignum sjóðsins. Það sem þar er umfram er fyrst og fremst sjóðfélagalán og gömul skyldukaupabréf eins og skuldabréf Byggingasjóðs.

Liðurinn aðrar útgreiðslur er rúmlega 31 milljón á árinu 2000 en 627 þús. á árinu 1999. Þarna er að mestu leyti um að ræða bókfærðar skuldir í árslok 1999 en greiddar í ársbyrjun 2000. Stærsti hlutinn er fyrrnefnd þóknun til fjárvörsluaðila.

Varðandi deildarskiptingu. Á árinu 2000 eru reglubundin iðgjöld í hlutfallsdeild samtals 52,43% af heildariðgjöldum (49,87% árið 1999) en í stigadeildinni 47,57%. Af heildarlífeyrisgreiðslum á árinu 2000 greiðir hlutfallsdeildin 97,44% á móti 98% árið 1999.

Ítrekaði það sem kom fram í ræðu formanns að þrátt fyrir erfitt ár í ávöxtun þá eiga báðar deildir fyrir skuldbindingum og þar eru hlutföllin þannig að hjá hlutfallsdeild er eign umfram skuldbindingar, sem hlutfall af skuldbindingunum, 0,4% en hjá stigadeild 1,2%.

GREIN FJÁRVÖRSLUAÐILA FYRIR ÁVÖXTUN SJÓÐSINS.

Svava Sverrisdóttir hjá Landsbréfum.

Eignasamsetning s.l. ár. Fyrir þann hluta sem er hjá fjárvörsluaðilum og 15% sem ekki er hjá þeim er eignasamsetningin gróft tekin saman svona: Erlend hlutabréf 14%, erlend skuldabréf 4%, innlend hlutabréf 8% og innlend skuldabréf 71%. Meðalraunávöxtun fyrir þá hluta sem eru í fjárvörslu er mínus 3,67%. Raunávöxtun innlendra og erlenda hlutabréfa á árinu 2000 hefur lækkað verulega. Einu eignirnar sem sýndu jákvæða ávöxtun á síðasta ári voru stutt skammtíma skuldabréf innlend, þ.e. víxlar eða alstyðstu spariskírteini. Einnig hafði þróun gjaldmiðla gríðarleg áhrif fyrir þá sem voru að stýra söfnum. Sýndi þróun vísitalna á árinu 2000. Þróun vísitalna á árinu er óvenju slæm og ekki þarf að búast við svona ári á mörkuðum nema í mesta lagi 1 af hverjum 10. Fór yfir muninn á markaðskröfu- og kaupkröfuávöxtun.

Arnar Guðmundsson hjá Búnaðarbankanum Verðbréfum.

Fór yfir myndun og ávöxtun safnsins á aðeins öðrum nótum en Svava gerði. Sýndi ávöxtun á erlendum hlutabréfasjóðum s.l. 5 ár í samanburði við síðasta ár. Benti á að árin 1997–1999 voru sérstaklega góð en ávöxtun síðan verið dapurleg. Ítrekaði það sem kom afrað í máli Svövu að eitt af því sem skiptir verulegu máli varðandi uppgjör á Lífeyrissjóði bankamanna er ávöxtunarkrafa á húsnæðisbréfum innanlands og einnig afföll þeirra.

ORÐIÐ GEFIÐ LAUST UM SKÝRSLU STJÓRNAR, REIKNINGA SJÓÐSINS OG STÖRF FJÁRVÖRSLUAÐILA.

Haukur Þór Haraldsson svaraði fyrirspurn úr sal. Sagði augljóslega meiri útstreymi en innstreymi í hlutfallsdeildinni og var það fyrirséð þar sem deildin er lokuð, þ.e. ekki verða teknir inn nýjir sjóðfélagar. Það sé ekki áhyggjuefni, deildin eigi vel fyrir sínum skuldbindingum.

Spurt var úr sal hvort fjárhagur deildanna væri aðskilinn. HÞH svarði að svo væri. Hvor deildin á sínar eignir þó svo að safnið sé ávaxtað í einu lagi. Deildirnar eru gerðar upp alveg aðgreindar. Ítrekaði það sem hafði áður komið fram að í undirbúningi er að aðgreina fjárfestingarstefnur fyrir hvora deild fyrir sig.

Svar HÞH við fyrirspurn: Stefnan var á sínum tíma að sem mest væri í stýringu hjá fjárvörsluaðilum. Einnig var ákveðið að sjóðfélagalánin sem slík ættu ekki heima í slíkri fjárvörslu, því eru þau samkvæmt samningi í innheimtu hjá banka og eldri skuldabréf sem sjóðurinn á, svokölluð húsnæðisbréf, eru ekki metin sem markaðspappírar og því var ákveðið að varðveita þau í innheimtu hjá sjóðnum. Ekki hefur komið til tals að stjórn sjóðsins taki að sér frekari stýringu eigna sjóðsins.

FUNDARSTJÓRI BAR UPP REIKNINGA SJÓÐSINS TIL ATKVÆÐA.

Reikningarnir voru samþykktir samhljóða.

3) FYRIRLIGGJANDI TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SJÓÐSINS

Friðbert Traustason, gerði grein fyrir tillögunum, sem lágu frammi á fundinum. Sagði tillögurnar bornar fram af tveimur ástæðum, til að aðlaga þær að dómsmálinu sem kom fram í skýrslu formanns og að aðlaga þær að reglum annarra sjóða.

Í framsögu hans kom m.a. fram að niðurstöður fyrrgreinds dóms Hæstaréttar muni auka skuldbindingar v/Hlutfallsdeildar sjóðsins um 300–350 miljónir króna.

1. tillaga. Breyting á 14. gr.:

Fyrsti málslíður annarrar málsgreinar orðist svo: Ef barnið á foreldri eða kjörforeldri á lífi, er sér um framfærslu þess, er lífeyrir þess úr þessum sjóði hálfur barnalífeyrir almannatrygginga.

Við bætist nýr annar málslíður annarrar málsgreinar: Eigi barnið ekki foreldri eða kjörforeldri á lífi skal lífeyrir úr þessum sjóði vera jafnhár barnalífeyri almannatrygginga.

Við bætist þriðja málsgrein: Veiti fráfali sjóðfélagans börnunum jafnfram rétt til lífeyris úr öðrum lífeyrissjóði skal lífeyrir úr þessum sjóði þá bundinn því skilyrði að sjóðfélaginn hafi síðast greitt iðgjöld til þessa sjóðs.

2. tillaga. Breyting á 16. grein:

Fyrsta málsgrein orðist svo: Ákvæði samþykkt þessara varðandi kafla II (Hlutfallsdeild) taka ekki til lífeyris sem úrskurðaður hefur verið fyrir 1.1.1998 né heldur þess lífeyris sem réttur hefur stofnast til að fá greiddan fyrir 1.1.1998.

Fyrsti málslíður annarrar málsgreinar falli brott, þ.e. setningin: "Þó skal við það miðað að lágmarksgjaldatími til þess að öðlast verðtryggðan lífeyri sé 6 ár vegna réttinda sem mynduðust fyrir 1. janúar 1988."

3. tillaga. Við bætist ný 17. grein:

Aðilar að Hlutfallsdeild. Aðildarfyrirtæki Hlutfallsdeildar eru Landsbanki Íslands hf., Seðlabanki Íslands, Reiknistofa bankanna, Landsbréf hf., Landsvaki hf., Greiðslumiðlun h.f., Lánasýsla ríkisins og Lífeyrissjóður bankamanna. Hætti aðildarfyrirtæki greiðslum iðgjalda til Hlutfallsdeildar fellur niður aðild viðkomandi fyrirtækis að deildinni.

Aðrar greinar færast aftur, það er fyrsta greinin í III Kafla Stigadeild verður 18. gr. Iðgjöld.

Síðasta greinin í III Kafla er nú 26. gr. Útborgun lífeyrissparnaðar, sem er orðin 27. grein, eftir að ný 17. gr. er komin inn. Við bætist ný grein um aðila að Stigadeild, sem verður 28. gr.

Ný grein um Endurráðningu verður þá 29. gr.

4. tillaga. Við bætist ný 28. grein:

Aðilar að Stigadeild. Aðildarfyrirtæki Stigadeildar eru Landsbanki Íslands hf., Seðlabanki Íslands, Búnaðarbanki Íslands hf., Bunadarbanki International, Reiknistofa bankanna, Samband íslenskra bankamanna, Landsbréf hf., Landsvaki hf., Greiðslumiðlun h.f., Lánasýsla ríkisins, Sparisjóður Hafnarfjarðar og Sparisjóður Hólahrepps. Stjórn sjóðsins er heimilt að veita öðrum fyrirtækjum aðild að Stigadeild enda

samþykki þau reglur sjóðsins, Hætti aðildarfyrirtæki greiðslum iðgjalda til Stigadeildar fellur niður aðild viðkomandi fyrirtækis að deildinni.

Aðrar greinar færist aftur.

5. tillaga. 29. grein orðist svo:

Endurráðning. Hafi iðgaldagreiðslur sjóðfélaga í Hlutfallsdeild fallið niður í meira er 12 mánuði samfelld vegna þess að hann lét af störfum hjá aðildarfyrirtæki, og hann kemur aftur til starfa hjá aðildarfyrirtæki, skal hann greiða til Stigadeildar. Réttindi hans í Hlutfallsdeild haldast þó óbreytt og flytjast ekki til Stigadeildar.

Hafi sjóðfélagi í Hlutfallsdeild látið af störfum hjá aðildarfyrirtæki, en iðgaldagreiðslur fallið niður í skemmri tíma en 12 mánuði samfelld, og hann kemur aftur til starfa hjá aðildarfyrirtæki, er honum heimilt að greiða til Hlutfallsdeildar, ef hann beinir sannanlega ósk um það til stjórnar sjóðsins innan sex mánaða frá því hann kom aftur til starfa. Þrátt fyrir ákvæði síðasta málslíðar, er sjóðfélaga heimilt að tilkynna til stjórnar sjóðsins innan 12 mánaða frá staðfestingu Fjármálaráðuneytis á samþykktum þessum, að hann óski að greiða til Hlutfallsdeildar. Þótt sjóðfélagi eigi eldri réttindi í Hlutfallsdeild er honum ekki heimilt að flytja þau yfir í Stigadeild.

6. tillaga. Núverandi 35. grein, sem væri orðin 37. gr., falli brott og gildistökugreinin er þá 37. gr.

Láðst hafði að kynna með réttum hætti tillögu stjórnar um að orðin "af öðrum ástæðum en elli eða örorku." komi til viðbótar og aftast í 15. gr.

Fundarstjóri bað um samþykki fundarmanna til að bera einnig upp til umræðu og atkvæðagreiðslu á fundinum breytinguna á 15.gr. Það var samþykkt.

ORÐIÐ GEFIÐ LAUST UM TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SJÓÐSINS.

Fyrirspurn kom utan úr sal varðandi aukningu á skuldbindingum Hlutfallsdeildar v/dóms Hæstaréttar, hvort ekki þyrfti að gera upp uppgjörið við Stigadeildina þegar að hún var búin til vegna þessa sama máls.

Friðbert svaraði og ítrekaði að þetta ætti eingöngu við um Hlutfallsdeildina. Sagðist síðan átta sig á að e.t.v. þyrfti tryggingastærðfræðingurinn að skoða þetta þar sem allir hafi verið í Hlutfallsdeildinni í upphafi.

Jakob R. Möller, sem lögmaður sjóðsins, sagði að það sem gerðist í dómsmálunum, að því er þetta varðar, er spurningin um innvinning á ári fram til áramótanna 1997–1998. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að menn sem höfðu látið af störfum af öðrum ástæðum en elli eða örorku og áttu geymd réttindi hjá sjóðnum, skyldu njóta breytinganna sem gerðar voru á innvinningnum við gildistöku reglugerðarinnar 01.01.1998, þ.e. að þeir skyldu ávinna sér 2,125% fyrir allan þann tíma sem iðgjöld voru greidd til sjóðsins. Þeir sem voru hins vegar í starfi 01.01.1998 nutu þessara 2,125% innvinnings hvort eð var. Þetta var aðeins spursmál varðandi þá sem áttu geymd réttindi hjá sjóðnum.

Fundarmaður lýsti þeirri skoðun sinni að lengri tíma þyrfti til að melta þessar viðamiklu breytingar.

Spurt var til hvers breytingin á 16. gr. væri gerð?

Friðbert svaraði að það væri vegna niðurstöðu dóms Hæstaréttar. Þetta væri alveg ótvírætt að þessi réttindi fyrir þá sem fara á lífeyri eftir þennan tíma, þó þeir eigi gömul réttindi sem hefðu hugsanlega getað sagt að þeir ættu ekki nema 1,5% ávinning, þá var verið að bæta þeirra stöðu mjög. Hjá hinum, sem eru búnir að fá úrskurðinn nú þegar, verður ekki breyting. Ekki heldur fyrir þá sem að eru á makalífeyri t.d. Ef breyta hefði átt hjá öllum sem búið er að úrskurða á lífeyri núna þá hefðu hugsanlega einhverjir sem eru komnir á eftirlaun og voru ekki búnir að ná 35 eða 40 árunum hækkað. Ef færa hefði þá sem búið var að úrskurða á makalífeyri til núgildandi reglugerðar þá hefði lífeyrir þeirra lækkað verulega. Menn skoðuðu það að ef að það kæmi upp að skuldbindingin sem var reiknuð út skv. hækkuninni gengi e.t.v. að mesu til baka vegna lækkunar á makalífeyri. Þannig að það er búið að skoða þetta frá öllum hliðum. Við erum ekki að leggja dóm á hvort við erum sammála þessum eftirmannsreglum eða ekki, enda er hún ekki inn í þessu.

Spurt var hvort með þessu væri verið að loka fyrir þann möguleika að þeir sem fór á eftirlaun í hlutfallsdeildinni fyrir 01.01.1998 gætu sótt rétt sinn?

Friðbert sagðist hafa spurt lögmann sjóðsins, að ef að einhver annar myndi fara af stað og sækja sama mál, að fá eftirmannsregluna eða að fá uppreikning, að það væri mjög einfalt fyrir dómstóla að úrskurða nákvæmlega eins og þeir eru búnir að gera. Verið er að bæta verulega réttindi miðað við reglugerðina eins og hún var.

Hver voru viðmiðin áður í 14. gr.? Svar: það vantaði inn "eða kjörforeldri" og viðmiðið áður var einnig barnalífeyrir almannatrygginga, þ.e. sama upphæð.

TILLÖGUR UM BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM SJÓÐSINS BORNAR TIL ATVKÆÐA:

Einn greiddi atkvæði á móti samþykkt 2. og 5. tillögu.

Samþykktirnar í heild voru samþykktar samhljóða.

4) TRYGGINGARFRÆÐILEG ÚTTEKT Á STÖÐU SJÓÐSINS

Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur, fór yfir úttektina.

Þar sem sjóðurinn starfar í tveimur fjárhagslega sjálfstæðum deildum þarf að gera sjálfstæða úttekt fyrir hvora deild. Byrjum á hlutfallsdeild. Í tryggingafræðilegri úttekt felst það að finna þarf út hvaða réttindi sjóðfélagarnir eiga og meta hversu verðmæt þau eru. Við höfum upplýsingar fyrir hvern sjóðfélaga um hvaða réttindi hann er búinn að ávinna sér í lok ársins 2000 og síðan höfum við líkur fyrir því hversu fólk lifir lengi og hversu margir verða öryrkjar og hversu margir láta þá eftir sig maka og hversu langlífur sá maki verður og hvað er mikið af börnum. Allt þetta er tekið saman með réttindaákvæðum sjóðsins og þá fáum við út einhverja spá um það hversu mikið verður greitt út af lífeyri næstu áratugina. Þessar greiðslur eru síðan ávaxtaðar til dagsins í dag með tiltekinni ávöxtunarkröfu og síðan er þetta borið saman við eignir sjóðsins og ef að eignirnar eru hærri en skuldbindingarnar þá er staða sjóðsins góð. Þetta er yfirleitt gert í tvennu lagi. Annars vegar eru þetta áfallnar skuldbindingar og hins vegar framtíðarskuldbindingar. Skýrði út eignamatið og forsendur fyrir úttektunum. Hlutfallsdeildin á fyrir sínum skuldbindingum þó staðan hafi versnað töluvert frá því í fyrra.

Meðalaldur þeirra sem hefja töku lífeyris er u.þ.b. 65 ár. Meðalaldur þeirra sem ekki nýta sér 95 ára regluna er 66,8 ár. Í úttektinni er sérstaklega metin skuldbindingin vegna 95 ára reglunnar, hún er metin sem fjórðungur af þeim kostnaði sem sjóðurinn myndi bera við það að allir nýttu sér regluna. Það færist augljóslega í vöxt að fólk nýti sér þessa reglu. Það er tvenns konar áhætta sem þessi deild ber umfram það sem algengt er um lífeyrissjóði, þ.e. áhættan af því hvenær menn láta af störfum og síðan þróun launa síðustu starfsárin. Á síðasta ári var hvorugt þessara atriða sjóðnum óhagstætt.

Stigadeildin er miklu minni en hlutfallsdeildin. Áfallnar skuldbindingar eru miklu minni hluti af heildarskuldbindingunum en er í hlutfallsdeildinni. Deildin á 1,2% umfram skuldbindingar. Litið til framtíðar er verðmæti iðgjaldanna örlítið minni en verðmæti þeirra skuldbindinga sem þau skapa.

Deildin á einnig fyrir sínum skuldbindingum og hlutfall eigna m.v. áfallnar skuldbindingar er mjög hátt.

Staða sjóðsins hefur heldur versnað frá síðasta ári sem skýrist af því að ávöxtunin nær ekki að vera eins há og gert er ráð fyrir. Það er ekkert sérstakt fyrir þennan sjóð, þetta er svona hjá öllum lífeyrissjóðum meira og minna og ekkert verra hér heldur en víða annars staðar. Eins og bankamenn vita hafa allir markaðir verið fjárfestum erfiðir á þessu ári.

5) KOSNING SKOÐUNARMANNA REIKNINGA SJÓÐSINS

Stjórn sjóðsins gerir tillögu um það að endurkjörnir verði þeir Gunnlaugur Arnórsson og Þorsteinn Egilsson. Tillagan var samþykkt.

6) LAUN STJÓRNAR- OG SKOÐUNARMANNA

Tillaga er um að stjórnarmönnum verði greiddar 40 þús. kr. á mánuði og formanni 80 þús. kr. Tillagan var samþykkt með nokkrum atkvæðum gegn einu.

Tillaga er um að skoðunarmönnum verði greidd þóknun, 40 þús kr., þ.e. heildargreiðsla til hvors um sig fyrir vinnu við skoðun ársreikninga. Tillagan var samþykkt samhljóða.

Dagskráin var þar með tæmd og fundarstjóri sleit fundi kl. 19:20. Fundarmenn voru nálægt 40 talsins.

Fundargerð ritaði Guðrún Anna Antonsdóttir.